

Fundargerð umdæmisþings Inner Wheel umdæmi 36.

Umdæmisþing Inner Wheel á Íslandi umdæmi 136 var haldið í Viðey þann 17. maí 2025. María Heiðdal umdæmisstjóri setti þingið kl. 11.30. Á þingið voru mættar 36 félagskonur frá sex IW klúbbum: Görðum, Hafnarfirði, Kópavogi, Selfossi, Keflavík og Reykjavík. Umdæmisstjóri María Heiðdal lagði fram tillögu stjórnar um Stefaníu Borg Thorsteinsson sem fundarstjóra og Elínu Hjartar sem fundarritara. Voru þær samþykktar.

Stefanía tók við fundarstjórn og bauð þingkonur velkomnar til starfa. Hún sagði sína von að þingfulltrúar myndu létt afgreiða þau mál sem lögju fyrir þinginu. Hún þakkaði sérstaklega fyrverandi umdæmisstjóra Sigríði J. Guðmundsdóttur og stjórn IW Selfoss fyrir að hafa leyst gömul vandamál þannig að nú væru engin vandamál bara lausnir.

1. Þingið hófst á hefðbundinn hátt. Þingfulltrúar stóðu upp, kynntu sig og sögðu hvaða klúbbi þær tilheyra.

2. Umdæmisritari Vigdís Jónsdóttir las fundargerð frá síðasta umdæmisþingi sem haldið var á Selfossi í maí 2024. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

3. Umdæmisstjóri María Heiðdal flutti skýrslu. Stjórnarfundir voru sjö og sagði hún að mikill tími hafi farið í undirbúning og skipulag funda. Mesti tíminn fór í skipulag stóru umdæmisfundanna þ.e. haustfundinn 2. nóvember 2024, janúarfundinn 11. janúar 2025 og undirbúninginn fyrir umdæmisþingið 17. maí hér í Viðey. Umdæmisstjóri sagði að mjög ánægjulegt hefði verið að fá tækifæri til að heimsækja klúbbana og kynnst konunum og starfsemi klúbbana. María kynnti að Vigdís umdæmisritari hafi tekið saman og þýtt skipulag við niðurfellingu og/eða sameiningu klúbba samkvæmt gögnum frá IIW. Í skýrslu umdæmisstjóra kemur fram að alls söfnuðust kr. 240.000 hjá klúbbunum hér á landi í átaki IIW fyrir söfnun til bólusetninga á 10 milljónum ungra stúlkna við leghálskrabbameini. IW Rally Evrópa verður haldið í Árósum í september. Þær félagskonur sem hafa áhuga á að mæta þar geta leitað upplýsinga hjá IW Selfoss. Umdæminu barst spurning frá IW Svíþjóð um hvort umdæmi 136 vildi vera í samstarfi um netþjónustu með þeim. Umdæmið mat það svo að þar sem við erum með góða netþjónustu hér á landi væri ekki ástæða til að breyta því. Indversk IW félagskona hafði samband við stjórnina með fánaskipti í huga og hittu umdæmisstjóri og Stefanía Borg frá IW Reykjavík hana og þær skiptust á fánum. Að lokum þakkaði María fundarkonum samstarfið í vetur og fyrir góða fundarsetu og minnti á einkunnarorð IW: Að auka sanna vináttu. Að efla mannleg samskipti. Að auka alþjóðlegan skilning.

4. Gjaldkeri umdæmisins Ágústa Hauksdóttir fór yfir bráðabirgðauppgjör ársins 2024-2025. Fjárhagsstaða umdæmisins er góð.

Laufey Jóhannsdóttir IW Görðum lýsti ánægju með góða afkomu sem væri þakkarvert. Fyrirspurn kom um 240.000 kóna fenginn styrk og mismun á veittum styrk 243.418 krónur. Það sem er skráð sem fenginn styrkur kr. 240.000 í bráðabirgðaruppgjörinu er afrakstur vegna söfnunar IW umdæmisins til bólusetningar erlendis vegna leghálskrabbameins. Það sem er skráð sem veittur styrkur 243.418.kr. er framlag umdæmisins til söfnunar IIW að viðbættum kostnaði. Söfnun IIW er vegna átaks IIW til bólusetningar ungra stúlkna eins og kom fram í skýrslu umdæmisstjóra.

5. Undir liðnum önnur mál, tók María umdæmisstjóri til máls. Hún velti upp spurningunni hvernig ætti að fara með nælur þegar félagi fellur frá. Lagði hún til að nælum væri skilað til klúbbana. Fundarkonur tóku undir þessa tillögu og samþykktu hana með lófaklappi. Laufey IW Görðum sagði frá sameininglegum fundum IW Görðum við IW Hafnarfirði. Fundir eru settir af forseum hjá báðum klúbbunum. Oftast koma saman 20-24 konur á fundi og lýsti hún mikilli ánægju með þetta

fyrirkomulag. Vigdís umdæmisritari tók undir og taldi svona sameinginlega fundi gera félagskonum gott og geta styrkt klúbbana.

Árgjald var samþykkt óbreytt kr. 6.000.

6. Kynnt var tillaga frá umdæmisþingi á Selfossi árið 2024 um fulltrúa í umdæmisstjórn. Samkvæmt tillögunni sitja í umdæmisstjórn árin 2025-2026: umdæmisstjóri Sigurbjörg Magnúsdóttir IW Kópavog, ritari Erla Eggertsdóttir IW Kópavogi, gjaldkeri Dúfa Sýlvía Einarsdóttir IW Kópavogi. Verðandi umdæmisstjóri 2026-2027 Valdís Birna Guðjónsdóttir IW Hafnarfirði, fráfarandi umdæmisstjóri María Heiðdal IW Reykjavík. Endurskoðendur: Edda Magnúsdóttir IW Kópavogi og Sissel Judith Einarsson IW Hafnarfirði. Voru þessir fulltrúar staðfestir með lófataki og fundarstjóri óskaði nýkjörinni stjórn gæfu og gengis.

7. Fráfarandi umdæmisstjóri María Heiðdal ávarpaði fráfarandi stjórnarkonur, þakkaði þeim fyrir gott samstarf og afhenti þeim rósir. Því næst ávarpaði María nýjan umdæmisstjóra, hengdi á hana umdæmisstjóra keðjuna og færði henni rós. Nýkjörin umdæmisstjóri Sigurbjörg kallaði til sín nýjar stjórnarkonur, afhenti þeim rósir og tekur voru myndir af gömlu og nýju stjórninni.

Fundarstörfum lauk um kl. 12.45. Var þá gengið til hádegisverðar sem var sveppasúpa og þorskhnakki með ljúffengu grænmeti og að lokum kaffi og sætir bitar.

Að loknum hádegisverði tilkynnti Stefanía fundarstjóri að séra Sveinn Valgeirsson Dómkirkjuprestur myndi sjá um helgistund í Viðeyjarkirkju. Þar yrði látinna félagskvemma minnst og að Þór Magnússon fv. Þjóðmunavörður myndi fræðir okkur um sögu Viðeyjar og Viðeyjarstofu.

Að lokum þakkaði Stefanía fundarkonum fyrir góða fundarsetu, sló í bjöllu og sleit 36. umdæmisþingi Inner Wheel.

Fundarritari: Elín Hjartar